

að einhverjar millibils- eða uppþótarákvarðanir hefðu verið settar í lög, vegna þeirra presta, er þá voru í embættum, er lög, komu út, og því urðu fyrir nokkurs konar rírnun, hvað embættislaun eða hlunnindi snerti.

Það verður þannig að fallast á það, að fógötinn með hinum áfrýjanda úrskurði neitaði að taka hið umrædda kirkjutíundargjald lögtaki, og ber því að staðfesta úrskurð þenna. Málskostnaður fellur niður, og getur hinum skipaða sækjanda eptir þessum úrslitum eigi orðið dæmd málflutningslaun, en málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi fógotaúrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 11. júlímánaðar.

Nr. 32/1891:

Jón Jónsson

eigandi Hafsteinsstaða

gegn

Árna Jónssyni f. h. eiganda Reynistaðar præp. hon. Jóni Hallssyni.

D ó m u r:

Mál þetta er risið út af ágreiningi um landamerki milli jarðarinnar Hafsteinsstaða í Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu, er þá var þjóðjörð, en síðar hefur verið seld áfrýjandanum, og Reynistaðar í sama hreppi, og var það fyrst höfðað af stefnda, til þess að fá dæmda undir síðarnefnda jörð svo nefnda Seltungu, en umboðsmaður Reynistaðarklausturs, er þá var umráðamaður

Hafsteinsstaða, höfðaði þá gagnsókn og færði þrætuna út, svo að málið tók yfir alla takmarkalínuna milli jarðanna og sjerstaklega einnig ágreining um svonefnt Sauðafell eða norðurhallanda þess, er báðar jarðirnar vildu helga sjer. Málið var dæmt í landamerkjadómi Skagafjarðarsýslu 6. febr. f. á. á þessa leið: »Hin umþrætta landspilda, er liggur milli Miðdalsár og Ranghalaár, beint vestur undan hinni óátöldu landeign jarðarinnar Hafsteinsstaða, og sem kölluð er Sauðafell, eða norðurhallandi þess, tildæmist Reynistað til eignar (sem heimaland), þó með þeirri kvöð, að Hafsteinsstaðir eiga þar tilkall til beitar mánaðartíma að sumrinu fyrir allt að 80 ær, borgunarlaust. Hin umþrætta landspilda Seltungan, er liggur milli Miðdalsár og Ranghalaár og nær til suðurs í línu þá, er dregst frá norðvesturhorni hinnar óátöldu landeignar Hafsteinsstaða beint vestur í Miðdalsá, tildæmist Reynistað til ótakmarkaðrar eignar. Merki Hafsteinsstaða að sunnan móts við Reynistaðarland eru þessi: frá Staðará eptir garði, er liggur fyrir sunnan Syðri-Bakkamýri, yfir melana í krók á Grófarlæknum syðri, þar sem Hlíðarmanna lestavaðið liggur yfir hann; þaðan ræður Grófarlækurinn og Byrgisgilið upp undir fjallsbrún, og úr efri enda þess bein stefna vestur í Ranghalaá«. Af dómskostnaðinum skyldi aðalsækjandi (stefndi) greiða 27 kr. 71. e., en verjandi og gagnsækjandi (umboðsmaður Reynistaðarklausturs) 55 kr. 42 a. Að öðru leyti skyldu þeir sýknir hvor af annars kröfum.

Dómi þessum hefur ofan nefndur Jón Jónsson, núverandi eigandi Hafsteinsstaða, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. nóv. f. á., og hefur krafizt þess, að merkjadómurinn í heild sinni, bæði að því er snert-

ir sjálfa sökina og málskostnaðar ákvæðið, verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til löglegri meðferðar og dómsáleggingar, og til *vara*, að merkjadóminum verði hrundið og málinu vísað heim til nýrrar dómsáleggingar, að því er ákvæði dómsins um hið svokallaða »Sauðafell« og málskostnað snertir; svo hefur hann og, hvernig sem fer, krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað allan fyrir yfirdómi, að minnsta kosti 60 kr. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að merkjadómurinn verði að öllu leyti staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Áfrýjandinn hefur byggt ómerkingar- eða ónýtingarkröfu sína, að því er formhlið málsins snertir, á því, að það hafi verið ólöglegt af merkjadóminum, að dæma þrætuspilduna »Sauðafellið« beinlínis undir Reynistað, þegar af þeirri ástæðu, að eigi hafi verið stefnt til þeirrar kröfu af hálfu þessarar jarðar, en sem stefndur í gagnsökinni hefði Reynistaðareigandinn einungis getað öðlazzt sýknun. En hjer við er að athuga, að úr því að þrætan um »Sauðafellið« var löglega komin inn í málið með gagnsókninni, þá leiddi það af eðli málsins sem landamerkjamáls, að dæma varð þessa þrætuspildu til annararhvorrar jarðarinnar, er deilan var milli.

Þá vill áfrýjandinn halda því fram, að það hafi verið lögleysa að efni til, er merkjadómurinn dæmdi Reynistað eignarrjett að þrætuspildunum »Seltungunni« og »Sauðafellinu,« eða norðurhallanda þess, og engu að síður það, að hann dæmdi Hafsteinsstöðum beitarítak í Sauðafellinu, sem engin krafa var gjörð til. Að því er snertir Seltunguna, þá verður þó að álíta, að fram hafi

verið komin eptir atvikum nægileg skilríki af hálfu Reynistaðar fyrir því, að sú spilda heyrði undir þá jörð, með lögfestu frá 1790, er hefur verið þinglesin ómótmælt árin 1790, 1801 og 1825, og einkum með þingsvitni 2 manna frá 1862, er tekið var í viðurvist fulltrúa af hendi umbóðsstjórnarinnar sem umráðanda Hafsteinsstaða, og það því fremur, sem engar sannanir eða skilríki hafa komið fram fyrir tilkalli Hafsteinsstaða fyrir merkjadóminum. Hvað Sauðafellið áhrærir, þá hefur 1 vitni borið það og haft eptir húsbónda sínum þáverandi, búandi (1854) á Hafsteinsstöðum, að Sauðafellið heyrði undir nefnda jörð, og einn maður hefur auk þess utanrjettar vottað, að hann hafi sem smali á árunum 1834—35 og 1835—36 setið yfir kvifje frá Hafsteinsstöðum í þrætuspildunni. Á hinn bóginn eru framkomin 2 ómótmælt utanrjettarvottorð um það, að þrætu-land þetta hafi árin 1872—82 verið talið til Reynistaðar og notað þaðan ótalið. Frekari skýrslur um eignarheimild að hinni umþrættu landsspildu eða notkun hennar komu eigi fram í merkjadóminum, og verður eigi álitid, að merkjadómurinn hafi gjört sig sekan í lögleysu, er varði ónýting dómsins, með því að dæma landið undir Reynistað, er málið var þannig vaxið, nje heldur að áfrýjandinn geti átalið það, að merkjadómurinn ákvað honum í vil beitarítak í landinu.

Það verður þannig eigi byggður ónýtingardómur á ástæðum þeim, er áfrýjandinn hefur tilfært, og með því að hinn áfrýjadi dómur eigi hefur neina þá galla, er hann verði að ónýta fyrir ex officio, ber að staðfesta hann. Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 18. júlímánaðar.

Nr. 17/1892:

Rjettvísingegn

Halldóri Gestssyni og
Þjóðbjörgu Benjamínsdóttur.

D ó m u r:

Með dómi aukarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, gengnum 25. nóv. f. á., voru hin ákærðu, Halldór Gestsson og stúlkan Þjóðbjörg Benjamínsdóttir, dæmd fyrir sífjaspell samkvæmt 164. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, hann til fangelsis við vatn og brauð í 4×5 daga, en hún til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga, og skyldu þau auk þess greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað in solidum, þó svo, að hvort fyrir sig greiddi málsvarnarlaun sínum talsmanni í hjerði, ákærði Snæbirni Þorvaldssyni 6 kr., en ákærða Hallgrími Jónssyni 4 kr. En dómi þessum hefur eptir ósk hins ákærða Halldórs Gestssonar og af hálfu hins opinbera, að því bæði hin ákærðu snertir, verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin jätningu hinna ákærðu, Halldórs Gestssonar, áður bónda á Arkarlæk í Skilmannahreppi, og stúlkunnar Þjóðbjargar Benjamínsdóttur, sem eru fædd, hann 25. okt. 1832 og hún 21. júní 1866, löglega sannað, að þau hafi haft holdlegt samræði saman og átt saman 2 börn, en móðir stúlkunnar hafði áður